

Fundargerð 155. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 14. maí 2020, kl. 11.00, haldin á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ.

Mættir: Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður,
Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarmaður
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Halldóra Hreggviðsdóttir, Árni Geirsson og Herborg Árnadóttir, frá Alta komu inn á fund stjórnar undir lið nr. 2. og lið nr. 3.
Gunnar Kr. Ottósson, skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar kom inn á fund stjórnar undir lið nr. 2.
Stjórnarformaður var staðsettur á skrifstofu Kadeco en aðrir stjórnarmenn voru á fjarfundu.

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar.*

Borinn upp og samþykkt.

2. *Rammaskipulag á Ásbrú – kynning Alta*

Inn á fund stjórnar komu ráðgjafar frá Alta til að kynna lokaskýrslu rammaskipulags á Ásbrú sem unnið var í samstarfi við Reykjanesbæ ásamt skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar. Alta kynnti rammaskipulagið. Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar bætti því við að Reykjanesbær er að hefja undirbúningsvinnu við gerð deiliskipulaga fyrir nýjan skóla á Ásbrú, almenningsgarðs og endurgerð Grænásbrautar í samræmi við nýgert rammaskipulag.

Stjórnarformaður þakkaði kynninguna. Umræður.

3. *Þróunaráætlun, verkáætlun – kynning Alta.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn upphaf verksins. Fulltrúar Alta tóku svo við og kynntu verkáætlun þróunaráætlunar fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar.

Stjórn þakkaði Alta fyrir góða vinnu og kynningu.

4. *Hliðaráætlun - verkáætlun.*

Framkvæmdastjóri fór yfir hliðaráætlun tengda þróunaráætlun.

5. *Rekstarupplýsingar.*

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstarupplýsingar.

6. *Önnur mál.*



a. *Aðalfundur Kadeco 2020.*

Umræða um dagsetningu fyrir aðalfund félagsins fyrir árið 2020.

Stjórn sammála um að halda kynningu á vinnu þróunaráætlunar fyrir samstarfsaðilum verkefnisins eftir aðalfundinn.

b. *Sumarstörf námsmanna 2020.*

Stjórnarformaður upplýsti stjórn um verkefni félagsmálaráðuneytisins um sumarstörf fyrir námsmenn. Kadeco er þátttakandi í því verkefni í gegnum Reykjanesbæ og mun hýsa nokkra starfsmenn í tímabundinni vinnu í sumar. Stjórnarformaður lagði til að stjórn samþykkti 10 milljónir króna í þetta verkefni og var það samþykkt. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.

c. *Aðgerðarlisti stjórnar*

Framkvæmdastjóri fór yfir aðgerðarlista stjórnar. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

d. *Næsti stjórnarfundur*

Næsti stjórnarfundur er áætlaður viku fyrir aðalfund félagsins, þann 3. júní nk.

Engin önnur mál voru borin upp undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45.

Þækk E. Kristinsse

Rannin Sæuenn

Ólafur Hilmarsson

Stjórnarformaður

Elin Hauverel